

**Ed.**

**768. Nefndarálit**

[340. mál]

um frv. til l. um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frá upphafi hefur það verið eitt af stefnumiðum Kvinnalistans að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda hér á landi. Því hefur Kvinnalistinn í tvígang flutt tillögur til þingsályktunar um staðgreiðslu opinberra gjalda á þessu kjörtímabili en þær hafa ekki verið útræddar. Kostir staðgreiðslukerfis opinberra gjalda eru þeir helstir: Í fyrsta lagi að í slíku kerfi myndast ekki skuld hjá skattgreiðanda, í öðru lagi fylgir innheimta skatta hagsveiflunni hverju sinni og í þriðja lagi má ætla að innheimta skatta verði öllu skilvirkari en nú er. Þess ber þó að gæta að með staðgreiðslukerfi er skattheimtu flýtt frá því sem nú er og ef verðbólga fer hjaðnandi er skattheimtan í reynd hert og því nauðsynlegt að endurskoða skattþrósentuna reglulega með hliðsjón af verðbólgu hverju sinni.

Meginágallar þessa frumvarps eru:

Í fyrsta lagi nær það aðeins til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars launamanna. Eðlilegast hefði verið að láta skattkerfisbreytinguna ganga yfir alla beina skattlagningu í landinu í einu, en ekki aðeins hluta hennar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, en í því er ekki tekið á skattlagningu á eignir, fjármagns- og eignatekjur né á skattlagningu fyrirtækja. Miðað við þau rök, sem sett eru fram í athugasemdum með frumvarpinu, þess efnis að einn meginkostur við skattkerfisbreytinguna sé tryggari og skilvirkari innheimta opinberra gjalda, liggur í augum uppi að öllu brýnna er að koma þessari breytingu á hvað varðar skattlagningu á fyrirtæki og fjármagns- og eignatekjur heldur en launatekjur þar sem undanskot frá skatti eru margfalt umfangsmeiri hvað fyrrgreindu tekjurnar varðar. Í frumvarpinu er því byrjað á öfugum enda. Ef svigrúm er ekki fyrir hendi til að láta breytinguna ganga yfir alla beina skattlagningu í einu hefði frá sjónarmiði ríkissjóðs og miðað við áðurgreind rök tvímælalaust átt að byrja á að koma á staðgreiðslu fjármagns- og eignatekna og tekna fyrirtækja en ekki launatekna eins og frumvarpið kveður á um.

Í öðru lagi staðfestir frumvarpið skattlagningu á almennar launatekjur í landinu þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþingis og núverandi ríkisstjórnar um að afnema í áföngum tekjuskatt af almennum launatekjum.

Í þriðja lagi er ekki ljóst að sú innheimtuaðferð tekjuskattsins, sem lögð er til í frumvarpinu, sé sú skilvirkasta og einfaldasta sem völ er á. Í stað þess að fela vinnuveitendum að innheimta og skila tekjuskattinum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, hefði mátt fela bönkum þetta hlutverk. Auk augljósra kosta hefði það fyrirkomulag þann kost í för með sér að tekjur launamanns væru allar bókfærðar á einum stað sem auðvelda mundi til mikilla muna allt skatteftirlit. Slík tilhögun í staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars er við lýði í Færeyjum og er nánar gerð grein fyrir því fyrirkomulagi í stuttri úttekt á færeyska skattkerfinu sem unnin var hjá embætti ríkisskattstjóra og fylgir þessu álit.

Þótt þessir megingallar séu á frumvarpinu er ljóst að umtalsverð hagræðing er að því að taka upp þá staðgreiðslu opinberra gjalda sem frumvarpið felur í sér. Fyrsti minni hl. mælir því með samþykkt frumvarpsins með þeirri breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þskj. Sú breyting varðar samsköttun hjóna og vísast til nefndarálits um frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt um rökstuðning þeirrar breytingar.

Alþingi, 6. mars 1987.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

## Fylgiskjal.

### **Örfá orð um færeyska skattkerfið.**

Á árinu 1984 var tekið upp í Færeyjum staðgreiðslukerfi skatta. Sá háttur, sem Færeyingar hafa við framkvæmd staðgreiðslunnar, er að ýmsu leyti frábrugðinn framkvæmd annarra þjóða. Meginmunurinn felst í annars konar innheimtukerfi, sem sé því að öll laun eru greidd í gegnum banka. Launagreiðandi skal tilkynna bankanum hver séu brúttólaun launamanns og sér þá bankinn um að reikna út tekjuskatt til ríkis og sveitarfélags, draga skattinn af launum, auk annars frádráttar sé um slíkt að ræða, og greiða launamanni afganginn inn á bankareikning.

Kostirnir við þetta fyrirkomulag eru margs konar: Frá sjónarhóli launagreiðanda er þetta til mikilla þæginda þar sem hann þarf ekki að reikna út skattgreiðslur heldur nægir honum aðeins að skila til viðskiptabanka síns lista yfir þá launamenn sem hann greiðir laun og tilgreina brúttólaun hvers þeirra um sig.

Þetta fyrirkomulag er einnig til verulegra þæginda fyrir launamenn. Þeir fá laun sín ætíð inn í banka og geta betur treyst því að útreikningur afdráttarins sé réttur heldur en ef launagreiðandi annaðist hann sjálfur. Þá er það einnig kostur fyrir launamenn að treysta má því að skatti sé skilað í færeyska landssjóðinn en hann ekki notaður til þarfa launagreiðanda. Þannig losna launamenn við ýmiss konar óþægindi sem hljótast af því þegar innheimtumenn ganga að eignum þeirra til lúkningar bókfærðri skuld.

Landssjóður hefur verulegt hagræði af þessu fyrirkomulagi. Í fyrsta lagi eru tryggð skil á afdregnum skatti. Í öðru lagi auðveldar þetta mjög verulega skatteftirlit þar sem allar launagreiðslur fara án nokkurs vafa í gegnum banka. Í þriðja lagi ættu að geta verið fyrir hendi nokkuð áreiðanlegar hagrænar upplýsingar sé áhugi á að nota slíkt.

Álagningarkerfið sjálft byggist á svokallaðri „samsöfnunarreglu“ (kumulatívre reglu). Við hverja útborgun launa eru lagðar saman allar launagreiðslur fram að þeim tíma og síðan reiknaðar upp í árstekjur. Skattur er síðan reiknaður eins og um heilsárstekjur væri að ræða en bakreiknaður til tímabilsins og tekið tillit til þess skatts sem inntur hefur verið af hendi af fyrri launagreiðslum ársins. Með þessari aðferð næst mikil nákvæmni í skattákvörðun en útreikningurinn þykir flókinn fyrir venjulega launagreiðendur. Hjá Færeyingum kemur það ekki að sök þar sem launagreiðandi þarf ekki sjálfur að annast útreikninginn.

Það fyrirkomulag á útreikningi skattgreiðslu opinberra gjalda, sem nú liggur fyrir Alþingi, er allmjög frábrugðið því álagningarkerfi sem Færeyingar nota. Telja verður líklegt að róttæk endurskoðun yrði að fara fram á þeim frumvörpum, sem nú liggja fyrir Alþingi, væri fyrirhugað að koma á sams konar kerfi og Færeyingar hafa. Enn fremur yrði að breyta verulega ýmum öðrum lagaákvæðum.

Yrði farið út í að greiða öll laun í gegnum banka, sem einnig mundu annast útreikning skatta af launagreiðslum, draga þær af og skila til ríkis og sveitarfélaga, er full ástæða til að velta fyrir sér hvort þá væri ekki tilefni til að útvíkka kerfið og taka aðra hluti inn í, svo sem frádrátt lífeyrissjóðstillags, orlofsfjár, stéttarfélagsgjalds, meðlags, skyldusparnaðar og annarra greiðslna sé um slíkt að ræða. Með þessum hætti mundi launamaður fá eina skilagrein yfir alla frádrætti, sem einnig yrði kvittun fyrir öll greidd gjöld og skatta. Bankar, eða reiknistofa bankanna, mundi þannig annast innheimtu allra þessara gjalda með einu innheimtukerfi í stað þess fyrirkomulags sem nú ríkir.